

# VEIKINDI OG VOTTORÐ


HELGA SÓL DR.PH.,MSC.SW.

LEIÐTOGI FÉLAGSRÁÐGJAFA HH


HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS


I Used Up All My Sick Days
704 ©2000 Bad Habits
SO I CALLED IN DEAD


I'm TIRED. (T)icked off.
(I)rritated. (R)eady to cry.
(E)xtremely upset.
(D)one.




"You know it's a bad day at work when your stress level reaches 'watching cute animal videos on repeat' level."

# Í UPPHAFI SKAL ENDIRINN SKOÐA




Muna að fyrsta íhlutun hefur áhrif á framhaldið

- Að vera tekinn úr vinnu/skóla/virkni getur skaðað – Ekki gera það nema heilsubrestur (sjúkdómur – afleiðing slys) sé að ræða og meðferðarplan sé gert.
- Sérstaklega ef um er að ræða
  - Stress
  - Lífið (yfirmaðurinn, makinn, börnin, húsið, foreldrar)
  - Verkir
  - Depurð, leiði og áhyggjur
  - Þreyta

**EKKI SJÚKDÓMVÆÐA LÍFIÐ!**

# BYRJA Á RÉTTUM ENDA – AFHVERJU ER HEILSUBRESTUR?

Dæmi sem koma til heilsugæslunnar og spurning hvar á byrja

- Ríkisstarfsmaður (kona) um 50 ára sem er byrjuð að sofa illa og er kvíðin. (Reyndar með ungling heima og aldraða foreldra)
- Kennari með erfiðan bekk og lítinn stuðning frá yfirmönnum (Reyndar að skilja)
- Einstæð móðir sem starfar við umönnun og getur ekki meir. (Er í forsjádeilum)
- 23 ára einstaklingur sem starfar í verslun og á að byrja að vinna kl. 9:00 en getur ekki vaknað. (Reyndar hefur aldrei getað stundað skóla né vinnu – höndlar illa margmenni)

Er þetta sjúkdómur í grunninn sem hægt er að lækna?

# VÍSA Í RÉTT ÚRRÆÐI STRAX



# FLÆÐISKEMA: FRÁ HEILBRIGÐISKERFI TIL STARFS OG STUÐNINGS

## UPPVINNSLA & MEÐFERÐ
(Heilbrigðiskerfið)



**Uppvinnsla & Diagnos:**
Greining og rannsóknir



**Læknisfræðileg Meðferð:**
Sjúkrahús/Heilsugæsla

## MEÐFERÐ AÐ STÖÐUGLEIKA HEILSUFARS



**MEÐFERÐ AÐ STÖÐUGLEIKA HEILSUFARS**

## STARFSENDURHÆFING





Efling getu & Færni

Stuðningur við endurkomu á vinnumarkað



**MAT Á STARFSGETU**

## VINNUNÁM/VINNA



Háskólanám / Starfsnám



Vinnuöflun & Ráðning

VINNUMÁLASTOFNUN (VMST)
job resources

## SVEITARFÉLÖG

Stuðningur við atvinnu

Ráðgjöf & Félagsþjónusta

## FJÁRHAGSAÐSTOÐ SVEITARFÉLAGA



# FERLI SJÚKLINGS HH – VOTTORÐ.

## Snemmtæk íhlutun við veikindi/slys

- **Markmið:** Viðhalda virkni og sambandi við vinnu/nám.
- Samvinna sjúklings og atvinnurekanda

**Framfærsla:**

1. Veikindaleyfi hjá atvinnurekanda/ skóla

**Vottorð:**

1. V-vinna fjarvistir eða V-skóli fjarvistir.

## Lengri veikindi - Viðurkennd meðferð

- **Markmið:** Viðurkennd meðferð innan heilbrigðiskerfisins til að ná heilsu eða stöðuleika.
- Gera meðferðarplan með tímaramma

**Framfærsla:**

1. Sjúkradagpeningar, Sjúkrasjóður stéttafélaga,
2. Sjúkragreiðslur TR

**Vottorð:**

1. TR-sjúkradagpeningar
2. TR-grunnvottorð og viðeigandi Staðfestingar

## Endurhæfing

- **Markmið:** Þvefagleg endurhæfing eftir að stöðuleika er náð til að endurhæfa út frá færni og getu. T.d. Virk, Reykjalundur, Geðheilsuteymin

**Framfærsla:**

1. Endurhæfingarlífeyrir TR
2. Örorkugreiðslur lífeyrissjóða (endurnýja á ársfresti)

**Vottorð:**

1. TR-grunnvottorð
2. V-umsókn örorkulífeyrir

Örorka hjá TR er varanleg og þarf að vera búið að reyna allar viðurkenndar meðferðir við heilsubrestinum sem veldur óvinnufærni og láta reyna á starfsendurhæfingu.

**Vottorð:** TR-V vottorð um örorku



# NOKKRAR ÁBENDINGAR

- Sækja þarf um allar greiðslur – rafrænt
- Láta skjólstæðinginn finna út sjálfan hvað vantar
- Gott að benda á hugsanlegan rétt hjá t.d. lífeyrissjóðum
- Ekki vinna sem félagsráðgjafi eða fjármálaráðgjafi

**Muna! Sjúklingur þarf sjálfur að sækja um.**

**Aldrei að segja upp vinnu vegna veikinda!**


# VINNUVEITENDAVOTTORÐ/HLUTAVEIKINDI

- Ekki skylda að fá vottorð
- Votta lengri veikindi
- Senda í Heilsuveru
  - HH-Vottorð < 7 daga án aðkomu ritara og greitt
  - Skilaboð til móttöku um greiðslur
- VVV – Atvinnulaus – Þarf það? Já, það þarf
- Gildistími 1 mánuður ef enginn tími er ákveðinn



# STARFSHÆFNIVOTTORÐ

- Vottorð um heilsu til vinnu eftir langvinn veikindi
  - Ríki
  - Sveitarfélög
- Trúnaðarlæknir metur oft




# ENN VEIKUR

- Veikindadagar búnir
- Sjúkradagpeningar
  - Langvinn veikindi og veikindaréttur búinn
  - Greiddir eru sjúkradagpeningar vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu sem nema 80% af grunni inngreiðslna í sjóðinn sl. 12 mánaða fyrir óvinnufærni



# SJÚKRADAGPENINGAVOTTORÐ

- Sjúkrasjóðir stéttafélaga
- Sjúkratryggingar
  - Sjúkradagpeningar
  - Vinnuslys o.fl.
- Oft viðbót við sjúkrasjóði
  - Benda skjólstæðing á en sama vottorðið
- Tryggingafélög
- Eitt eyðublað
  - Nýtt vottorð á tveggja mánaða fresti



Til umboðs sjúkratrygginga

Sjúkradagpeningavottorð

Heilsugæslan Miðbæ

Sjúkratryggingar Íslands

Persónuupplýsingar

*Sjúkdómsgreiningar*

Heiti | Kóði

Athugasemd

Upplýsingar

Hefur annar læknir skoðað eða stundað sjúkling vegna þessa sjúkdóms?

Já | Nei

# | Nafn | ... og hvenær

Hefur sjúklingur dvalið á sjúkrahúsi / sjúkrastofnun vegna þessa sjúkdóms?

Já | Nei

# | Ef já - hvar | ... og hvenær

Dags. síðustu skoðunar

03.10.2021

Vinnufærni sjúklings af þessum sjúkdómi að þessu sinni samkvæmt því sem þú hefur staðreynt:

Áætlað tímabil:


Óvinnufær með öllu: | Frá | Til

Óvinnufær að hluta: | Frá | Til

# ÁVERKAVOTTORÐ – SLYSADAGPENINGAR

- Sjúkratryggingar Íslands
- Vinnuslys
- Frítímaslys – Tryggingafélög
  - Tveggja mánaða fresti
- Skrá atvikalýsingu og áverka, ef til vill taka mynd, skrá nákvæmlega í sjúkraskrá

- Oft undanfari vottorða til lögfræðinga
- Vottorð um afleiðingar slyss skrifuð samkvæmt beiðni – ekki akút mál á vakt








# FÉLAGSÞJÓNUSTAN – EF VIÐKOMANDI ER VEIKUR!

- Alm. Vottorð gildir fyrir sveitafélög – en ekki nauðsynlegt fyrir greiðslur.
- Staðan í dag
- Skilaboð til félagsþjónustunnar
- Ráðleggingar um aðstoð – meðferð
- Gjarnan samráð við félagsráðgjafa – fundir víða
- Ekki: „Er óvinnufær og þarf fjárhagsstuðning“


**Muna að félagsleg endurhæfing fer fram hjá sveitarfélögum**

# ENN HEILSUBRESTUR – NÆSTU SKREF



- Þörf á frekari sjúkdómsmiðaðri meðferð – uppvinnslu- bið eftir meðferð eða aðgerð.
- Markmið að viðkomandi nái heilsu til að geta nýtt sér endurhæfingu til að ná hæfni til starfa

# FERLI EF SJÚKDÓMUR EÐA AFLEIÐINGAR SLYS TEKUR LENGRI TÍMA



Sjúklingur kemur

- Lengri veikindi
  - Sjúkdómsmiðuð meðferð
  - Bið eftir meðferð → Tilbúin í starfsendurhæfingu eða vinnu → Örorka: Ef vinnufærni eftir að allt hefur verið reynt er minni en 50% þá sækja um Samþætt sérfræðimat.
  - Heilsubrestur sem kemur í veg fyrir meðferð/endurhæfingu
- Stutt veikindi → Veikindaleyfi hjá atvinnurekanda

**Sjúkra- og/eða endurhæfingargreiðslur í allt að 7 ár**

Þarf að klára áður en sótt er um TR

Benda sjúkling að sækja um hjá tr.is

1. Veikindaleyfi hjá atvinnurekanda
2. Sjúkradagpeningar Stéttafélög
3. Sjúkragreiðslur TR
4. Endurhæfingarlífeyrir TR
5. Örorka Samþætt sérfræðimat

# Nýjar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

- Eru nýr greiðsluflokkur,
- Taka við af endurhæfingarlífeyri 1. september 2025,
- Eru framfærsla einstaklinga sem:
  ...taka virkan þátt í endurhæfingu eða fá viðurkennda læknismeðferð
  ...bíða eftir að meðferð eða endurhæfing hefjist
  ...eða geta ekki hafið endurhæfingu eða meðferð vegna heilsubrests
- Í þeim felst einföldun á greiðsluflokkun og útreikningi réttinda, aukinn stuðningur og með þeim er betur gætt að samfellu í þjónustu.

# NÝJA LÖGGJÖFIN HJÁ TR
# SJÚKRAGREIÐSLUR OG ENDURHÆFINGARGREIÐSLUR

**A. Eitt Grunnvottorð** – gildir þar til nýtt er gert = ef það verður breyting á heilsufari gera nýtt

Nota bara þær ICD greiningar sem er verið að vinna með.

**B**. - Staðfesting á ..

**1. Viðurkennd meðferð**
**2. Heilsubrestur sem kemur í veg fyrir að endurhæfing eða meðferð geti hafist.**

**3. Bið eftir viðurkenndri meðferð eða Endurhæfingu**

- Greining, uppvinnsla og meðferð á heilsubrest fer fram innan heilbrigðiskerfisins
- Endurhæfing fer ekki fram innan heilsugæslunnar = Enginn endurhæfingaráætlun!
- Sjúkdómsmiðuð meðferð sem er veitt annars staðar t.d. á spítalanum, á að votta þar

# Læknisvottorð

- Áður en til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna getur komið er skilyrði að **læknisvottorð** vegna umsóknar um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur liggi fyrir.

- Tryggingastofnun mun ekki óska eftir nýju læknisvottorði aftur nema það sé sérstök þörf á því.

  - ❑ Almennt verður nóg að skila staðfestingu eða áætlun þegar sótt er um framlengingu á greiðslum.


- Hægt er að nýta þetta læknisvottorð í tengslum við endurhæfingu almennt.

# Læknisvottorð

- ❑ Þrjár ICD-10 greiningar sem eru helsta ástæða óvinnufærni.
- ❑ Fyrri heilsufarssaga.
- ❑ Staða umsækjanda í dag.
- ❑ Nánara mat á stöðu umsækjanda með tilliti til líkamslegs, andlegs, virkni og þátttökuvanda með sex punkta kvörðum.



# TR-V GRUNNVOTTORÐ




# STAÐFESTINGAR FYRIR TR




- Notum fyrir okkar sjúklinga sem eru að stefna á vinnumarkað eða í nám í nánustu framtíð.
- Verður að vera sjúkdómur eða afleiðingar slys sem veldur óvinnufærni
- Sjúklingur ber sjálfur ábyrgð á að ná heilsu.
- Vandi vegna félagslegra aðstæðna eða vanvirkni á ekki að sjúkdómsvæða heldur vísa í félagslegt úrræði.

# STAÐFESTINGAR INNÍ SÖGU




1# Staðfesting

# TR-V STAÐFESTING Á VIÐURKENNDRI MEÐFERÐ

Viðurkennd meðferð

- Tímabundinn viðurkennd meðferð sem HH stýrir og ber ábyrgð á.
- Markmið meðferðar: Ná heilsu eða stöðuleika til að geta nýtt sér Starfsendurhæfingu eða farið í virkni (vinnu/nám).
- Getum notað úrræði fyrir utan HH í okkar meðferð.



# HAFA Í HUGA

**Dæmi: Brjóslos**

- Læknir ákv. viðeigandi lyfjagjöf og fær plan frá sjúkraþjálfara um viðeigandi sjúkraþjálfun og tímalengd.
- Sjúklingur ber ábyrgð á að sinna sinni meðferð og að fá plan frá sjúkraþjálfara.

**Dæmi: Kvíði - þunglyndi**

- Læknir greinir eða sendir í frekari greiningu á vanda (sálfræðing, félagsráðgj., geðhjúkrunarfr.)
- HAM námskeið
- Sálfræðimeðferð við kvíða/þunglynd –fá plan ef meðferð er utanhús.
- Viðeigandi lyfjameðferð


Ef frekari meðferð mun ekki auka vinnufærni er tími til kominn að láta reyna á vinnufærni og vísa í Virk í mat á starfsenduhæfingu.

Viðhaldsmeðferð veitir ekki rétt til sjúkragreiðsla

# STAÐFESTING Á BIÐ EFTIR VIÐURKENNDRI MEÐFERÐ EÐA ENDURHÆFINGU

**2 #**
**Staðfesting**

- Við staðfestum bara bið eftir meðferð innan HH.
- Hvert úrræði (t.d. Geðheilsuteymin) sendir Staðfestingu að viðkomandi er kominn á biðlista
- Úrræði utanhús eiga staðfesta sína bið (t.d. Virk, LSH)



# HAFA Í HUGA – ÚRRÆÐIN VITA BIÐTÍMA EN EKKI VIÐ !

**Dæmi: Virk**

- Beiðni til Virk send frá HH
- Virk sendir Staðfestingu á bið þegar viðkomandi hefur verið samþykktur í úrræðið

**Dæmi: LSH – liðskipti**

- Tilvísun send frá HH
- LSH Staðfestir að viðkomandi er kominn á biðlista

**Dæmi: Reykjalundur**

- Tilvísun send frá HH
- Reykjalundir sendir staðfestingu þegar viðkomandi er kominn á biðlista.

Mikilvægt að halda fólki í virkni s.s. áframhaldandi viðurkenndri meðferð sem hefur verið í gangi svo að bati tapist ekki á meðan beðið er eftir úrræði


Benda fólki á að óska eftir þessari staðfestingu hjá úrræðinu.

Sjúklingur ber ábyrgð á sinni heilsu

3 #
Staðfesting

# STAÐFESTING Á HEILSUBREST

- Ef um er að ræða heilsubrest sem kemur í veg fyrir að meðferð eða endurhæfing geti hafist.
- Tímabundið úrræði – hafa eins stutt og hægt er – þarf að endurnýja eftir 6 mán.
- Nota sparlega – getur skaðað að vera hvorki í viðeigandi meðferð né endurhæfingu.



# MIKILVÆGT AÐ MUNA

**Sjúkra-/endurhæfingargreiðslur eru með það markmið að koma viðkomandi til vinnu eða í nám.**

- Því verður að vera skýrt að þessa greiðslur eru skilyrtar að viðkomandi stundi sína meðferð og ber sjálfur ábyrgð á því að sýna fram á það. Og þegar sjúkdómsmiðaðri meðferð er lokið þá er næsta skref Virk eða félagsleg endurhæfing hjá sveitarfélagi.

  - **Viðurkennd meðferð = 1-12 mánuðir – þarf að endurnýja**
    - **Biðgreiðslur og heilsubrestur= 1-6 mánuðir – þarf að endurnýja**

# DÆMI: 50 ÁRA LEIKSKÓLAKENNARI, STOÐKERFISVANDI, SAGA UM KVÍÐA SEM HEFUR AUKIST Í ÞESSUM VEIKINDAFASA. HEFUR LOKIÐ RÉTTI HJÁ ATVINNUREKANDA OG SJÚKRASJÓÐI



Sjúkdómsmiðaðri meðferð er tímabundið úrræði 3-12 mán. og þegar því er lokið þá er næsta skref Virk eða félagsleg endurhæfing hjá sveitarfélagi.

Viðurkennd meðferð innan heilsugæslunnar: Læknisfræðileg meðferð. Sjúkraþjáfun, mögulega uppvinnsla hjá Bakskólanum. HAM námskeið við kvíða og mögulega rammasamningur

**A. TR-grunnvottorð**
**B. Staðfesting á viðurkenndri meðferð**

Heilsufar er komið í  á þann stað að sjúkdómsmiðuð meðferð er lokið - Næsta skref er að starfsendurhæfing

- **C. Beiðni í Virk**
- **D. Staðfesting á bið.**

**Benda sjúkling að sækja um hjá tr.is**

# VIRK – STARFENDURHÆFING – ÞEGAR STÖÐULEIKA ER NÁÐ VARÐANDI HEILSUFAR

- Stefnt að þátttöku á vinnumarkaði
- Úrræði atvinnulífsins – stéttafélaga
- Sjúkdómsmiðaðri meðferð lokið- stöðuleika er náð
- Ekki í virkri neyslu – frábending
- Endurhæfingarhæfur – vilji til staðar
- Ekki fjárhagslegt úrræði
- Ung virk

VIRK

STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

- Einstaklingur getur sjálfur sótt um – ekki er þörf á beiðni læknis.
- Fyrir bæði einstaklinga og stjórnendur

- Stöðumat – verkfæri til sjálfshjálpar
- Einstaklingsþjónusta samhliða vinnu
- Ráðgjöf til stjórnenda


**Viðmið fyrir þjónustu:**

- Einstaklingur er á vinnumarkaði.
- Farið að bera á erfiðleikum í vinnu. Einstaklingur veldur starfi sínu ekki eins vel og áður og farið að draga úr afköstum og gæðum.
- Vægur til miðlungs heilsutengdur vandi eða farið að bera á auknum erfiðleikum í vinnu.
- Áhugi og vilji bæði einstaklings og vinnustaðar að nýta þjónustuna.

# VIRK

- Rafræn tilvísun og eigin umsókn
  - Taka fram stéttarfélag á umsókn
- Ráðgjafi hittir, fer yfir sögu og væntingar
- Virk hefur margvísleg úrræði
  - Sjúkraþjálfun, sálfræðingar, markþjálfun
  - Viðtöl heimilislæknis/annarra
  - Námskeið

**Virk getur gert starfshæfnismat**



# VIRK

- Hægt að fara í Virk með aðstoð
  - Veikindaréttar
  - Sjúkradagpeningar stéttafélaga
  - Endurhæfingargreiðslur TR

Má einnig fara í Virk þegar viðkomandi er enn í vinnu




# SJÚKDÓMSMIÐUÐ MEÐFERÐ OG ENDURHÆFING HEFUR EKKI SKILAÐ STARFSHÆFNI TIL AÐ VIÐKOMANDI GETI FRAMFLEYTT SÉR



- Næsta skref er örorkumat þá hjá ..

A. TR – Samþætt sérfræðimat

B. Lífeyrissjóðum



Einstaklingur er í samskiptum við fagaðila sem ráðleggur að sækja um örorkumat.





Vottorð um örorku gert hjá lækni



island.is

Einstaklingur fyllir út umsókn um örorku á island.is með rafrænum skilríkjum.

**Almennar upplýsingar**
**Tekjuáætlun**
**Sjálfsmat**

## Tímalína umsóknar um örorkumat

Umsókn berst rafrænt til TR

TR metur hvort þörf sé á frekara færnimati frá endurhæfingaraðila og hvort að innsend gögn séu nægjanleg til að ákvarða mat eða hvort skoða þurfi sérstakt færnimat hjá sérfræðingum TR.

Úrvinnsla á umsókn um örorku fer fram með samþættu sérfræðimati.
Gera ætti ráð fyrir að úrvinnslutími geti verið upp undir 8 vikur.

Niðurstaða úr örorkumati

Einstaklingi synjað um örorku, endurhæfing er ekki fullreynd

Örorku-greiðslur

Greiðslur vegna örorku tryggja einstaklingi varanlega framfærslu.

# Endurhæfing fullreynd

- Áður en samþætt sérfræðimat fer fram skal endurhæfing eða viðurkennd meðferð, sem miðar að aukinni færni til atvinnuþátttöku, vera **fullreynd** og ástand viðkomandi teljast **stöðugt** eða **lotubundið til langframa.**

# Nýr örorkulífeyrir

- Nýr örorkulífeyrir verður samþykktur **ótímabundið** og hann **kemur í stað örorkulífeyris, tekjutryggingar og sérstakrar framfærsluuppbótar** í núgildandi kerfi.

- Er því verið að **einfalda greiðsluflokkana** og **hætta með tímabundin möt.**

# Nýr hlutaörorkulífeyrir

- Hlutaörorkulífeyrir er ætlaður þeim sem **hafa getu og möguleika á að vera á vinnumarkaði** og þess vegna er **frítekjumark vegna atvinnutekna töluvert hærra en í tilviki örorkulífeyris.**

- Með því móti er stuðningur aukinn við þau sem búa við skerta færni á vinnumarkaði og komið til móts við fjölbreyttan hóp fólks sem hefur ekki fulla getu til virkni á vinnumarkaði.


- Hlutaörorkulífeyrir er **82% af fjárhæð fulls örorkulífeyris** og verður samþykktur ótímabundið.

# Takmörkuð geta til virkni á vinnumarkaði

- Geta umsækjanda til virkni á vinnumarkaði samkvæmt **samþættu sérfræðimati** skal, til **langframa** vegna **langvarandi eða alvarlegs heilsubrests** eða **fötlunar**, vera metin:
  - ❑ Örorkulífeyrir: **25% eða minni**
  - ❑ Hlutaörorkulífeyrir: **26 – 50%**

# ÖRORKA LÍFEYRISSJÓÐA

- Skert starfsgeta að hluta eða fullu
- Örorkumat frá TR ekki skilyrði
- Skjólstæðingur borgar vottorðið
  - Tímamælt
  - Sækja vottorðið og fara með
- Örorka a.m.k. 40% í 3 mánuði eða lengur
- Eitt vottorð – lífeyrissjóðir vinna saman
- Tekur yfirleitt styttri tíma og ekki krafa um að endurhæfing hafi verið fullreynd.
- Hægt að fá metið 10 ár aftur í tímann



# ÝMIS VOTTORÐ

- Mikilvægt
- Við úrskurðum ekki
- Votta það sem maður getur – ekki fullyrða
  - „Að sögn“
  - „Kvartar um“
  - „Lýsir einkennum“
- Ekki afhenda nein vottorð – bréf óskönnuð
  - Afrit þurfa að vera til eða í sjúkraskrá
  - Hver les vottorðin – ekki of miklar upplýsingar

# VOTTORÐ TIL LÖGFRÆÐINGA

- Vottorð - Samantekt úr sjúkraskrá – sér í lagi varðandi t.d. stoðkerfi
- Lýsa í tímaröð og hvort eitthvað er óeðlilegt við sögu
- Eingöngu sjúkraskrá heilsugæslunnar, ekki LSH, heilsugátt, myndgreining eða annað
  - Má nefna stuttlega í samhengi en ekki reifa – aðrir skrifa þau vottorð
- Ekki draga ályktanir um orskatengsl, í mesta lagi geta um tímasetningar einkenna
- Svara spurningum t.d. um fyrri veikindi
  - Nota textasýn fyrir einkenni – greiningar
- Skýr réttur skjólstæðinga að fá afrit af sjúkraskrá
- Beiðni í heilsuveru er gild – rafræn skilríki

# VOTTORÐ TIL LÖGFRÆÐINGA




- Vottorð þetta er ritað að beiðni…
- Samkvæmt bréfi dags…
- Meðfylgjandi er samþykki…
- Varðandi afleiðingar af slysi dags…
- Læknabréf barst frá … varðandi umferðarslys…
- Jón leitaði á Heilsugæsluna Miðbæ 1.1.2018 vegna afleiðinga af slysi, kvaðst hafa verið ökumaður í bíl…

# SKÓLAVOTTORÐ



**Læknisvottorð vegna fjarvista úr skóla**

Heilsugæslan Miðbæ

Persónuupplýsingar

*Vottorð*

Það vottast hér með að viðkomandi nemandi í:

Skóli

Gat ekki sótt skólann:

| Frá | Til | Til dags | Vegna |
|---|---|---|---|
| | | ☐ Óvíst | ○ Sjúkdóms ○ Slyss |

Aðrar upplýsingar

- Heilsufarsvottorð til skóla erlendis
  - Fylla vel út
  - Skanna inn
- Skólavottorð
  - Heilsuvera – án aðkomu ritara
  - Fjarvistir í prófum – verkefnum
  - Við endurteknar fjarvistir er tilefni til að ræða við nemandann
  - Langtímavottorð – langvinn veikindi
  - Leikfimivottorð…


SPURNINGAR?
HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS